

Hafnarfjörður 21.03.2019

Á starfsmannafundi Skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðar 15. mars sl. var rætt um möguleika á styttingu vinnuvikunnar og rök sem hníga að því. Í framhaldi af umræðunum var ákveðið að koma á framfæri óskum um að vinnuvika starfsfólks skrifstofunnar verði stytt.

Á síðustu misserum hefur álag og kulnun í starfi verið mjög áberandi í umræðu um bætta lýðheilsu. Styttri vinnuvika getur verið þungt lóð á vogarskálarnar til þess að létta álagi af starfsfólki og bæta jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Með því hefur starfsfólk tækifæri til að hlúa betur að eigin fjölskyldu, sem leiðir af sér bætta líðan og heilsu sem mun skila sér í aukinni starfsánægju.

Hjá þeim fyrirtækjum og stofnunum sem hafa gert tilraunir með styttingu vinnuviku hefur komið í ljós að dregið hefur úr veikindum starfsfólks og almenn starfsánægja aukist. Þetta hefur hvorki verið á kostnað gæða í vinnubrögðum né vinnuafkasta.

Óskir um styttingu vinnuviku ríma því mjög vel við stefnu bæjarfélagsins um *Heilsuþættinn Hafnarfjörð* þar sem markmiðið er að „*stuðla að aukinni vellíðan íbúa með heilsuefndi aðgerðum til frambúðar.*“

Með von um jákvæðar undirtektir,

Bjartey Sigurðardóttir  
Bjarni Jónsdóttir  
Hildur Þ. Jónsdóttir  
Anna Björnsdóttir  
Björle Alfreðsdóttir  
Valgerður Steinbjörnsdóttir  
Ragna Rúnar  
Þóra Kristín Hygenung  
Kristín Siguírósdóttir

Hauddóra B. Rafnsdóttir  
Hildur Amnar Kristjánsd.  
Elin Anna Baldursdóttir  
Linda H. deydal  
Dinnar Ingi Magnússon  
Sunna Magnúsdóttir  
Pánelis Ólafsdóttir  
Guðbjörg Björnsdóttir